



Reykjanesbær, 13. desember 2024

687. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn í Merkinesi, Hljómahöll
17. desember 2024, kl. 17:00

DAGSKRÁ

1. Fundargerðir bæjarráðs 5. og 12. desember 2024 (2024010003)
2. Fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs 6. desember 2024 (2024010213)
3. Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs 10. desember 2024 (2024010207)
4. Fundargerð velferðarráðs 12. desember 2024 (2024010214)
5. Fundargerð atvinnu- og hafnarráðs 12. desember 2024 (2024010206)
6. Fundargerð menntaráðs 13. desember 2024 (2024010202)
7. Gjaldskrá fyrir byggingarleyfis-, skipulags- og þjónustugjöld (2024120125)
8. Mannréttindastefna Reykjanesbæjar - síðari umræða (2024110392)



Fundargerð

1494. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn á Tjarnargötu 12
5. desember 2024, kl. 08:15

Viðstaddir:

Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Helga María Finnbjörnsdóttir og Margrét A. Sanders.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Valgerður Björk Pálsdóttir boðaði forföll, Helga María Finnbjörnsdóttir sat fyrir hana.

Bæjarráð samþykkir 5-0 að taka á dagskrá Akademiúreitur - stýrihópur (2023070141) sem fjallað verður um undir dagskrárlið 7.

* * *

1. Leikskólinn Drekaðalur (2022100203)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs mætti á fundinn.
Umræður um stöðu verkefnisins.

2. Árshlutauppgjör 2024 - 9 mánaða uppgjör (2024080301)

Þorgeir Sæmundsson deildarstjóri reikningshalds mætti á fundinn og fór yfir drög að árshlutauppgjöri fyrstu níu mánaða ársins 2024.

3. Valkostagreining vegna sameiningar sveitarfélaga (2023090620)

Lagt fram til kynningar minnisblað verkefnastjórnar um stöðu sameiningar sveitarfélaganna Reykjaneshæ, Suðurnesjabæ og Sveitarfélagsins Voga og kynnt niðurstaða könnunarviðræðna um sameiningu.

4. Umsögn vegna rekstrarleyfis – Haukur Ingi Júlíusson - Sólvallagata 11 (2024100330)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um rekstur gististaðar í flokki II-B. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjaneshæjar og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð hafnar umsókninni þar sem starfsemin samræmist ekki gildandi aðalskipulagi.

5. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 24. nóvember 2024 (2024010369)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

6. Fundargerð stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja 28. nóvember 2024 (2024040048)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja.

7. Akadémíureitur - stýrihópur (2023070141)

Breyting á skipan í stýrihópinn. Helga Jóhanna Oddsdóttir kemur inn í stýrihópinn í stað Margrétar A. Sanders.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:35.



Fundargerð

1495. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn á Tjarnargötu 12
12. desember 2024, kl. 08:15

Viðstaddir:

Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Guðbergur Reynisson, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir bæjarstjóri og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Harpa Sævarsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Margrét A. Sanders boðaði forföll, Guðbergur Reynisson sat fyrir hana.
Margrét Þórarinsdóttir boðaði forföll, Harpa Sævarsdóttir sat fyrir hana.

* * *

1. Leikskólinn Drekaðalur (2022100203)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs mætti á fundinn.
Umræður um stöðu verkefnisins.

2. Grænásbraut 910 (2023030333)

Regína F. Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs mætti á fundinn.

Lögð fram tillaga að greiðslufyrirkomulagi á kauptilboði í eignina.

Bæjarráð samþykkir greiðslufyrirkomulag kauptilboðsins og felur Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttur bæjarstjóra að undirrita kaupsamninginn.

3. Gjaldskrá fyrir byggingarleyfis-, skipulags- og þjónustugjöld (2024120125)

Lögð fram gjaldskrá fyrir byggingar- og þjónustugjöld og gjöld vegna skipulagsbreytinga.

Gjaldskránni vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar 17. desember 2024.

4. Baugholtsróló - dagmæður (2024060191)

Lögð fram bókun umhverfis- og skipulagsráðs frá 6. desember 2024 um niðurstöður grenndarkynningar.

Bæjarráð tekur undir bókun umhverfis- og skipulagsráðs.

5. Bílastæði Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja við Skólaveg – fyrirspurn (2024070281)

Tekið fyrir erindi frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja um að merkja bílastæði við Skólaveg sem 45 mínútna stæði.

Bæjarráð setur sig ekki á mótí því að Heilbrigðisstofnun Suðurnesja merki umrædd stæði sérstaklega sem skammtímaæði í 45 mínútur, Reykjanesbæ að kostnaðarlausu. Vakin er athygli á því að heilðræn stefna um bílastæði innan Reykjanesbæjar er í mótun.

6. Slysavarnir barna - beiðni um styrk (2024120132)

Lögð fram beiðni um styrk að upphæð kr. 300.000 til að útbúa rafrænt námskeið fyrir verðandi foreldra.

Bæjarráð tekur vel í erindið en getur því miður ekki orðið við því að þessu sinni.

7. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 29. nóvember 2024 (2024010369)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

8. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja 5. desember 2024 (2024010176)

Lögð fram til kynningar fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:15.



Fundargerð

352. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
6. desember 2024, kl. 08:15

Viðstaddir: Róbert Jóhann Guðmundsson formaður, Birgir Már Bragason, Eysteinn Eyjólfsson, Guðbergur Ingólfur Reynisson og Gunnar Felix Rúnarsson.

Að auki sátu fundinn Margrét Lilja Margeirsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur, Marianna Hvanndal Einarsdóttir forstöðumaður skráninga, Sveinn Björnsson byggingafulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Helga María Finnbjörnsdóttir boðaði forföll og sat Birgir Már Bragason fundinn í hennar stað.

* * *

1. Heimsókn til sorporkustöðvar í Finnlandi - kynning (2024080177)

Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnifulltrúi mætti á fundinn og sagði frá heimsókn til sorporkustöðva í Finnlandi.

2. Aðalskipulagsbreyting fyrir I1, AT15 og H1 Helguvík - kynning á vinnslutillögu lokið (2024070278)

Breyta þarf afmörkun á iðnaðar- og hafnarsvæðum í aðalskipulagi og skilmálum fyrir lóðirnar Stakksbraut 4 og 15 til að koma fyrir inn- og útflutningsstarfsemi, geymslusvæði skipaeldsneytis og endurskilgreina mörk hafnar- og iðnaðarsvæða. Lögð er fram vinnslutillaga að breytingu aðalskipulags fyrir svæðið sbr. uppdrátt og greinargerð Eflu dags. 30. september 2024 fyrir Reykjanesbæ.

Inntak umsagna og viðbrögð eru í fylgiskjali. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að senda tillögu að breytingu aðalskipulags til Skipulagsstofnunar til athugunar fyrir auglýsingu.

3. Dalshverfi 1. og 2. áfangi - breyting á deiliskipulagi (2023080307)

Auglýst var vinnslutillaga að bæði aðal- og deiliskipulagi samtímis. Meginatriði athugasemda sneru að deiliskipulagi. Það er mat sveitarfélagsins að þó dregið sé úr umfangi opinna svæða á þessum reitum sé það ekki til þess fallið að rýra notagildi og almenn gæði svæðisins. Hlustað hefur verið á athugasemdir og dregið hefur verið úr fjölda lóða á opnu svæði norðan Stapaskóla. Lögð er fram tillaga að breytingu á 2. áfanga Dalshverfis til auglýsingar. Jafnframt er lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Dalshverfis 1. áfanga

til auglýsingar. Deiliskipulagsmörkum er breytt lítillega en skilmálum deiliskipulags fyrir þjónustulóð er breytt í þá veru að styðja betur við verslun og þjónustu í hverfinu. Hluti lóðar verður almenningsgarður.

Umhverfis- og skipulagsráð veitir heimild til að auglýsa aðal- og deiliskipulagstillöguna. Haldinn verði íbúafundur á auglýsingatíma.

4. Ásendar – deiliskipulagsdrög (2024120058)

Málinu er frestað.

5. Sunnan Fitja AT12 - lýsing og vinnslutillaga að breytingu aðalskipulags (2019060056)

Auglýsingu lýsingar og vinnslutillögu er lokið. Núverandi starfsemi á AT12 er fyrst og fremst gagnaver. Leyfilegt byggingarmagn er 120.000 m². Nú liggja fyrir áform m.a. um frekari uppbyggingu gagnavera og byggingu gróðurhúsa. Miðað við þau áform þarf að auka verulega við byggingarheimildir. Gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir 198.284 m² en auka þarf byggingarmagn í 283.500 m².

Inntak umsagna og viðbrögð eru í fylgiskjali. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að senda tillögu að breytingu aðalskipulags til Skipulagsstofnunar til athugunar fyrir auglýsingu.

6. Ásbrú til framtíðar - rammahluti aðalskipulags (2019050477)

Auglýsingu Ásbrúar til framtíðar, rammahluta aðalskipulags, er lokið. Rammahluti aðalskipulags Reykjanesbæjar 2023-2035, unninn af Alta í nóvember 2023.

Ásbrú hefur gengið í gegnum miklar breytingar frá því að svæðið var yfirgefið af bandaríska hernum 2006 og er eitt mikilvægasta uppbyggingarsvæði í Reykjanesbæ. Staðsetningin, forsagan og aðstæður í hverfinu gera það einstakt á landsvísu og þó víðar væri leitað. Haldinn var kynningarfundur og vinnustofur með nemendum Háaleitisskóla undir stjórn Þykjó sem fengu hönnunarverðlaun Íslands 2024 fyrir verkefnið.

Guðbergur Ingólfur Reynisson (D) lagði fram eftirfarandi bókun:

„Í framtíðarsýn K64 Ásbrú til framtíðar kemur fram að fyrirhuguð hverfi við Reykjanesbrautina verði vel tengd við önnur hverfi Reykjanesbæjar þar sem fyrirhugað er að komi stokkur yfir Reykjanesbrautina.

Guðbergur Reynisson, Sjálfstæðisflokkur, fagnar því að sjá þetta í framtíðarsýninni og hvetur Vegagerðina til þess að skoða þessa framtíðarsýn og gefa umhverfis- og framkvæmdasviði Reykjanesbæjar hugmynd um hvernig slíkur stokkur gæti litið út, hvar mundi hann byrja og hvar mundi hann enda og hver gæti verið kostnaður við gerð hans.

Nú þarf að hafa hraðar hendur þar sem þessi hluti Reykjanesbrautar er á samgönguáætlun árið 2029 til 2035 sem er handan við hornið.“

Inntak umsagna og viðbrögð eru í fylgiskjali. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að senda tillögu að breytingu aðalskipulags til Skipulagsstofnunar til athugunar fyrir auglýsingu.

7. Beiðni um heimild til deiliskipulagsgerðar á Ásbrú (2024120056)

Próunarfélag Keflavíkurflugvallar (Kadeco) óskar eftir að félaginu verði veitt heimild til að vinna að gerð deiliskipulags fyrir Suðurbrekku og Breiðbrautarreit.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir heimild til að vinna tillögu að deiliskipulagi.

8. Baugholtsróló - niðurstaða grenndarkynningar (2024060191)

Andrea Atladóttir og Elín Ósk Einarsdóttir sendu inn erindi varðandi heimild til afnota af lóð sem kennd er við Baugholtsróló til að standsetja dagforeldraheimili þar. Starfsmenn verði tveir með alls 10 börn í riflega 50 m² húsnæði. Erindið var grenndarkynnt. Andmæli bárust sem að megininntaki fjölluðu um aukinn umferðarpunga og skert afnot af leiksvæði barna.

Umhverfis- og skipulagsráð tekur undir framkomnar athugasemdir íbúa og hafnar erindinu. Ráðið þakkar umsækjanda fyrir erindið en bendir á að aðrar staðsetningar gætu verið hentugri og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram. Enn fremur fagnar ráðið áhuga íbúa á svæðinu.

9. Njarðvíkurbraut 25, fjölbýlishús - niðurstaða grenndarkynningar (2024040268)

Erindi vegna byggingar fjórþýlis var samþykkt eftir grenndarkynningu með þeim fyrirvara að stigahús sé innbyggt. Tító ehf., eigandi lóðarinnar, óskar endurskoðunar á þeirri ákvörðun og að heimilt verði að við húsið komi stakstætt stigahús sbr. uppdrátt JæES arkitekta ehf. dags. 6. maí 2024. Erindið var grenndarkynnt. Andmæli bárust sem að megininntaki fjölluðu um yfirbragð og útlit hússins.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið.

10. Ný lóð við Hólmebergstraum 4 (2024070242)

Reykjaneshöfn óskar eftir að afmörkuð verði lóð við Hólmebergstraum til að nýta sem uppsátur þegar aðstaðan hverfur vegna uppbyggingar við Gróf. Á 340. fundi umhverfis- og skipulagsráðs var samþykkt að útbúa reitinn austan við Selvík en vegna aðstæðna er reitur vestan Selvíkur hentugri.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið.

11. Sameining lóða - Bogatröð 10, 12, 14 og 16 (2024120057)

Algalíf Iceland hf. óskar eftir heimild til sameiningar lóða að Bogatröð 10, 12, 14 og 16.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið.

12. Sólvallagata 12 - gistiheimili - endurupptaka máls (2024040445)

Umsækjandi sótti um heimild til reksturs gistiheimilis fyrir 10 gesti en umsögn fékk neikvæða umsögn vegna skorts á bílastæðum. Nú óskar umsækjandi eftir endurskoðun ákvörðunar og sækir um heimild til að reka gistiheimili fyrir 3 gesti sem fellur að reglum um gistiheimili á íbúðasvæðum. Umsóknin var upphaflega lögð fram áður en lögum um gistiheimili var breytt fyrir á þessu ári.

Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga, málsgrein 2.

13. Reglur um gistiheimili á íbúðasvæðum í Reykjanesbæ (2022100418)

Lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 var breytt þannig að rekstrarleyfisskyld gististarfsemi innan þéttbýlis skal vera í samþykktu atvinnuhúsnæði. Tók breytingin gildi 30. apríl 2024. Reglur Reykjanesbæjar um gistiheimili á íbúðasvæðum, staðfestar í bæjarstjórn 21. febrúar 2023, fjalla um gistiheimili í íbúðarhúsnæði og eru þau í mótsögn við gildandi lög. Lagt er til að reglurnar verði felldar úr gildi. Á meðan ekki eru í gildi aðrar opinberar reglur eða leiðbeiningar er óheimilt að endurnýja rekstrarleyfi eða hefja nýjan rekstur gistiheimila á öðrum stöðum en á mið- eða verslunar- og þjónustusvæðum eins og þau eru ákvörðuð í aðalskipulagi.

Umhverfis- og skipulagsráð leggur til að reglur Reykjanesbæjar um gistiheimili á íbúðasvæðum verði felldar úr gildi þar sem þær samræmast ekki lögum.

14. Umferðarmál - hönnun og framkvæmdir (2022110639)

Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, kynnti tillögur að umferðarmannvirkjum við Njarðargötu, Grænás, Bergás og Fitjabraut.

Umhverfis- og skipulagsráð fagnar þessari mikilvægu samgöngubót og leggur áherslu á að málið vinnist sem hraðast.

15. Reykjanesbraut (41) Hafnavegur – Garðskagavegur (2024110164)

Valkostagreining unnin af Vegagerðinni vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar frá Hafnavegi að Garðskagavegi.

Lagt fram.

16. Fundargerð skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar 18. nóvember 2024 (2024080267)

Fundargerð skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar lögð fram til kynningar.

17. Afgreiðslu- og samráðsfundur byggingarfulltrúa nr. 373 (2024010105)

Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi lagði fram til kynningar fundargerð afgreiðslu- og samráðsfundar byggingarfulltrúa nr. 373 í 10 liðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:25.



Fundargerð

189. fundur Íþróttá- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
10. desember 2024, kl. 08:15

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir formaður, Hjördís Baldursdóttir, Marta Sigurðardóttir, Sindri Kristinn Ólafsson og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Hafþór Barði Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi, Rúnar Vífill Arnarson formaður Íþróttabandalags Reykjanesbæjar og Íris Eysteinsdóttir ritari.

* * *

1. Skýrsla vallarstjóra knattspyrnudeildar Keflavíkur (2024040245)

Skýrslan lögð fram.

Íþróttá- og tómstundaráð þakkar greinargóða skýrslu.

2. Framtíðaruppbygging íþróttamannvirkja og svæða vestan Nettóhallar (2022050239)

Eva Stefánsdóttir og Sverrir Bergmann Magnússyni fulltrúar stýrihóps um uppbyggingu íþróttamannvirkja kynntu vinnu í stýrihópnum fyrir ráðinu.

Íþróttá- og tómstundaráð þakkar góða kynningu.

3. Kynning á Íþróttabandalagi Reykjanesbæjar (2024110309)

Rúnar Vífill Arnarson og Hjördís Baldursdóttir kynntu starfsemi Íþróttabandalags Reykjanesbæjar en bandalagið var stofnað 29. maí 1996.

Íþróttá- og tómstundaráð þakkar góða kynningu.

4. Kynning á svæðisskrifstofu íþróttahéraða - Suðurnes (2024110310)

Sigurður Friðrik Gunnarsson og Petra Ruth Rúnarsdóttir svæðisfulltrúar íþróttahéraða á Suðurnesjum kynntu starfsemi nýstofnaðrar skrifstofu í Reykjanesbæ sem þjónar öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum.

Um er að ræða átta starfstöðvar um land allt sem miðar m.a. að því að auka íþróttapátttöku barna og ungmenna, auka áherslu á pátttöku fatlaðra barna í íþróttastarfi, ná betur til barna af tekjulægri heimilum og barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Að auki er er eitt af markmiðum með skrifstofunum er að skilgreina betur hlutverk íþróttahéraða að nýju og meta starfsemi þeirra með það að leiðarljósi að efla hana enn frekar. Til viðbótar er horft til samlegðaráhrifa við verkefni ríkis og sveitarfélaga, s.s. samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, skólþjónustu og æskulýðsstarf.

Íþróttá- og tómstundaráð þakkar góða kynningu.

Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs sat fundinn undir þessum lið.

5. Nýtt gervigras í Reykjaneshöll (2024040397)

Föstudaginn 22. nóvember sl. undirrituðu Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir starfandi bæjarstjóri Reykjanesbæjar og Ármann Andri Einarsson frá Metatron samning um kaup Reykjanesbæjar á nýju gervigrasi í Nettóhöllina.

Gert er ráð fyrir að verkið hefjist 9. desember og ljúki 11. janúar 2025.

Höllin verður þ.a.l. lokuð á meðan vinna stendur yfir.

6. Íþróttakona og íþróttakarli ársins hjá ÍRB 2024 (2024110309)

Verðlaunahátíðin íþróttakona og íþróttakarli ársins verður haldin í Stapanum í janúar 2025. Undirbúningur stendur yfir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.



Fundargerð

438. fundur velferðarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
12. desember 2024, kl. 13:00

Viðstaddir: Birna Ósk Óskarsdóttir varaformaður, Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Bjarney Rut Jensdóttir, Eyjólfur Gíslason og Linda María Guðmundsdóttir.

Að auki sátu fundinn Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir teymisstjóri virkni- og ráðgjafarteymis, Katrín Alda Ingadóttir fulltrúi ungmennaráðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Sigurrós Antonsdóttir boðaði forföll og sat Linda María Guðmundsdóttir fundinn í hennar stað. Andri Fannar Freysson boðaði forföll og sat Bjarney Rut Jensdóttir fundinn í hans stað.

* * *

1. Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd – samningur (2024100122)

Drög að samningi milli Vinnumálastofnunar og Reykjaneshæjar um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd lögð fram. Samningurinn mun gilda frá 1. janúar 2025 til 30. maí 2027.

Velferðarráð samþykkir samninginn fyrir sitt leyti með 4 atkvæðum. Eyjólfur Gíslason (D) situr hjá.

2. Samræmd móttaka flóttafólks – samningur (2022020555)

Drög að viðauka við þjónustusamning milli félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, Vinnumálastofnunar og Reykjaneshæjar um samræmda móttöku flóttafólks lögð fram. Samningurinn er framlengdur til 31. desember 2025.

Velferðarráð samþykkir fyrir sitt leyti viðauka samningsins til eins árs með þeirri breytingu að fjöldi þjónustunotenda verði 200 í stað 250. Samþykkt með 4 atkvæðum, Eyjólfur Gíslason (D) situr hjá.

3. Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks (2019120096)

Ólafur Garðar Rósinkarsson, verkefnastjóri í málefnum fatlaðra, mætti á fundinn og kynnti tillögu að samþykkt og skipan í samráðshóp um málefni fatlaðs fólks í Reykjaneshæ samkvæmt 2. mgr. 42. gr. og 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 49/1991. Samráðshópurinn verði skipaður þremur kjörnum fulltrúum og þremur fulltrúum fatlaðs fólks. Lagt er til að bæjarstjórn tilnefni þrjá fulltrúa til setu í samráðshópi um málefni fatlaðs fólks og leitað verði til notendaráðs fatlaðra í Reykjaneshæ um að tilnefna þrjá fulltrúa til setu í samráðshópnum.

Velferðarráð fagnar þessu mikilvæga framfaraskrefi í málefnum fatlaðs fólks til að auka áhrif þeirra á skipulag og framkvæmd þjónustu ásamt öðrum hagsmunamálum í sínu sveitarfélagi með stefnumarkandi hætti. Velferðarráð samþykkir fyrir sitt leyti að skipað verði í samráðshóp um málefni fatlaðs fólks.

4. Smáhús – staða verkefnis (2023070008)

Hilma H. Sigurðardóttir, teymisstjóri virkni- og ráðgjafarteymis, fór yfir stöðuna varðandi smáhús og þjónustu fyrir íbúa Reykjanesbæjar með flóknar þjónustuparfir.

5. Fundargerðir Samtakahópsins 30. október og 13. nóvember 2024 (2024030167)

Fundargerðir Samtakahópsins frá 30. október og 13. nóvember 2024 lagðar fram.

Velferðarráð þakkar Samtakahópnum, félagsmiðstöðinni Fjörheimum og unglingaráði Fjörheima fyrir að halda forvarnardag fyrir öll ungmenni í 9. bekk í grunnskólum Reykjanesbæjar. Áhersla var lögð á líðan og öryggi ungmenna í samfélaginu þar sem áhyggjur af ofbeldi og vopnaburði meðal ungmenna hafa verið í brennidepli. Ráðið telur þetta mikilvægt framtak og hvetur til þess að forvarnadagar verði festir í sessi varðandi þau málefni sem brenna á samfélaginu á hverjum tíma.

6. Fundargerð öldungaráðs Reykjanesbæjar 18. nóvember 2024 (2024030456)

Fundargerð öldungaráðs Reykjanesbæjar frá 18. nóvember 2024 lögð fram.

7. Tölulegar upplýsingar (2024020127)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs lagði fram tölulegar upplýsingar vegna fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í nóvember 2024.

Fjárhagsaðstoð

Í nóvember 2024 fengu 180 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 26.831.283 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali um 149.063 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð eru 53.

Í sama mánuði 2023 fengu 276 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 37.051.628 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali kr. 134.245 á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð var 102.

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Í nóvember 2024 fengu 267 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins. Samtals voru greiddar 6.737.522 kr.

Í sama mánuði 2023 fengu 330 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins, samtals 6.762.120 kr.

Áfrýjunarnefnd

Í nóvember 2024 var haldinn 1 fundur í áfrýjunarnefnd og 12 erindi lögð fyrir nefndina. 7 erindi voru samþykkt, 1 erindi frestað og 4 erindum var synjað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:47.



Fundargerð

292. fundur atvinnu- og hafnarráðs Reykjaneshafnar
haldinn á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11
12. desember 2024, kl. 16:00

Viðstaddir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Alexander Ragnarsson, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Sigurður Guðjónsson og Jón Már Sverrisson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs.

Kristján Jóhannsson boðaði forföll og sat Halldór Rósmundur Guðjónsson fundinn í stað hans.

* * *

1. Fjármál Reykjaneshafnar (2024080299)

Reykjaneshöfn er með yfirdráttarheimild hjá viðskiptabanka hafnarinnar upp á 20 milljónir króna sem rennur út þann 31. desember nk.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir að óska eftir því við viðskiptabanka hafnarinnar að núverandi yfirdráttarheimild verði framlengd til 31. desember 2025.

2. Reykjaneshöfn – gjaldskrá 2025 (2024120134)

Farið var yfir drög að gjaldskrá Reykjaneshafnar vegna ársins 2025. Breytingar frá núverandi gjaldskrá byggjast á þróun á einstökum vísitölum og kostnaðarhækkunum.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að gjaldskrá Reykjaneshafnar vegna ársins 2025 og að gjaldskráin taki gildi 1. janúar 2025.

3. Starfsáætlun atvinnu- og hafnarsviðs 2025 (2024120136)

Farið var yfir drög að starfsáætlun atvinnu- og hafnarsviðs fyrir árið 2025.

4. Hafnasamband Íslands (2024020132)

Fundargerð 467. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands frá 11. nóvember sl. lögð fram.

5. Samráðsnefnd um þróun hafnarsvæða (2024010265)

Hjörtur M. Guðbjartsson og Sigurður Guðjónsson fóru yfir það sem fram kom á fundi sem þeir sátu sem fulltrúar í samráðsnefnd um þróun hafnarsvæða með umhverfis- og skipulagsráði, þar sem farið var yfir vegtengingar við Njarðvíkurhöfn og tengingu athafnasvæðisins þar við Reykjaneshafnarbraut.

Afstaða Atvinnu- og hafnarráðs er skýr varðandi að allar núverandi vegtengingar við Reykjaneshafnarbrautina inn í Reykjaneshafnar verði áfram til staðar til að standa vörð um þarfir bæði hafna og atvinnulífs. Mikilvægt er að afstaða Reykjaneshafnar sé skýr í þessu máli.

6. Fitjabakki 8 (2024030045)

Á fundinn mætti Elías Kristjánsson lögmaður Reykjaneshafnar.

Farið var yfir erindi frá Í toppformi ehf. um heimild til jarðhitaleitar í tengslum við uppbyggingu hótels og baðlóns á Fitjum og þau álitaefni sem því tengjast.

Atvinnu- og hafnarráð felur Halldóri K. Hermannssyni sviðsstjóra atvinnu- og hafnarsviðs að vinna málið áfram á grundvelli þeirrar umræðu sem fram fór á fundinum.

7. HB 64 - grænn vistiðngarður (2023100396)

Farið yfir stöðuna í verkefninu HB 64 – grænn vistiðngarður. Opin kynningarfundur var haldinn í Samkomuhúsinu í Sandgerði um verkefnið þann 5. desember sl. þar sem hátt í þrjátíu manns mættu.

Atvinnu- og hafnarráð vill beina því til verkefnahópsins HB 64 að annar kynningarfundur verði haldinn fljótlega á nýju ári í Reykjaneshöfn um þetta málefni.

8. Hafnarreglugerð fyrir Reykjaneshöfn nr. 1430/2024 (2024120135)

Ný hafnarreglugerð fyrir Reykjaneshöfn nr. 1430/2024 lög fram en með henni fellur úr gildi eldri hafnarreglugerð fyrir Reykjaneshöfn nr. 982/2005.

9. Skemmtiferðaskip (2024010266)

Samantektir frá Cruise Iceland um fyrirhugaðar gjaldtökur af skemmtiferðaskipum við Íslandsstrendur lagðar fram. Farið yfir það sem fram kom á fundi Markaðsstofu Reykjaness þann 25. nóvember sl. með hagaðilum á svæðinu um móttöku skemmtiferðaskipa á Reykjanesi.

10. Atvinnustefna Reykjaneshafnar (2023020501)

Farið var yfir stöðuna í vinnslu á atvinnustefnu Reykjaneshafnar.

11. Helguvíkurbakki – Suðurbakki (2024040273)

Farið yfir stöðuna varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir á Suðurbakka Helguvíkurhafnar.

12. Mælaborð atvinnu- og hafnarsviðs (2024010270)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir mælaborð sviðsins.

13. Upplýsingagjöf sviðsstjóra (2024010271)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi sviðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:50.



Fundargerð

380. fundur menntaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
13. desember 2024, kl. 08:15

Viðstaddir: Sverrir Bergmann Magnússon formaður, Gígja Sigríður Guðjónsdóttir, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Harpa Björg Sævarsdóttir og Sighvatur Jónsson.

Að auki sátu fundinn Gróa Axelsdóttir fulltrúi skólastjóra grunnskóla, Skúli Sigurðsson fulltrúi grunnskólakennara, Ólöf Magnea Sverrisdóttir fulltrúi leikskólastjóra, Jóhanna Helgadóttir fulltrúi leikskólakennara, Vilborg Pétursdóttir fulltrúi foreldra leikskólabarna, Kolbrún Dís Snorradóttir fulltrúi ungmennaráðs, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi, Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Raddir ungmenna (2024050339)

Frosti Kjartan Rúnarsson, Aðalheiður Ísmey Davíðsdóttir, Linda Líf Hinriksdóttir, Eydís Ásla Fossádal Rúnarsdóttir, fulltrúar ungmennaráðs og Ólafur Bergur Ólafsson umsjónarmaður ungmennaráðs mættu á fundinn og fylgdu eftir málum frá sameiginlegum fundi ungmennaráðs og bæjarstjórnar, ásamt Kolbrúnu Dís Snorradóttur, fulltrúa ungmennaráðs í menntaráði.

Menntaráð fagnar þátttöku ungmenna í umræðum um mikilvæg samfélagsmál. Með áherslum á forvarnarstarf, lestur, andlega heilsu og jafnræði í félagslífi hafa ungmennin veitt mikilvæga innsýn í málefni sem snerta alla. Menntaráð mun vinna áfram að því að efla þessi atriði og tryggja að raddir ungmenna heyrist í stefnumótandi vinnu bæjarins.

2. Framkvæmdir á menntasviði (2022100267)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og G. Hans Þórðarson verkefnastjóri mættu á fundinn og fóru yfir stöðu mála varðandi framkvæmdir á menntasviði.

3. Nýr grunnskóli á Ásbrú – skýrsla (2023090406)

Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs kynnti skýrslu undirbúningshóps vegna nýs grunnskóla í Ásbrúarhverfi. Í skýrslunni eru teknar saman niðurstöður undirbúningshópsins sem hefur unnið að mótun sýnar á það hvernig skóla eigi að byggja í Ásbrúarhverfi.

Nýr grunnskóli í Ásbrúarhverfi er mikilvægt framtak fyrir samfélagið í Reykjanesbæ. Skólinn mun ekki aðeins mæta vaxandi þörf fyrir menntun heldur einnig skapa vettvang þar sem fjölbreytileiki tungumála og menningar fær að blómstra. Með staðsetningu sinni í hjarta hverfisins mun skólinn tengja saman börn, foreldra og nærsamfélagið og verða hjarta

menningar- og félagslífs Ásbrúar. Sérstök áhersla á sveigjanleg námsrými, vistvæna hönnun og þátttöku allra hópa í samfélaginu gerir þetta að einstöku skrefi í átt að heilðrænni og skapandi menntun. Þetta er ekki bara skóli, heldur samfélagslegur grundvöllur til framtíðar.

4. Meðferð beiðna um stoðþjónustu - starfsreglur (2024120153)

Kolfinna Njálisdóttir deildarstjóri skólaþjónustu og Einar Trausti Einarsson yfirsálfræðingur mættu á fundinn og fóru yfir stöðu mála varðandi starfsreglur grunnskóla og leikskóla Reykjanesbæjar um meðferð beiðna um stoðþjónustu.

Menntaráð Reykjanesbæjar leggur áherslu á mikilvægi þess að starfsreglur um stoðþjónustu séu skýrar og aðgengilegar foreldrum. Það er ánægjulegt að sjá að grunnskólar bæjarins hafi þegar hafið vinnu við birtingu slíkra reglna á heimasíðum sínum og stefnt sé að samræmingu áætlana. Með þessu skrefi er stuðlað að auknu gagnsæi og skilvirkni í þjónustu við fjölskyldur og nemendur, sem er mikilvægt til að tryggja snemmbæran stuðning og jöfn tækifæri til náms.

5. Matsferill (2022021140)

Kolfinna Njálisdóttir deildarstjóri skólaþjónustu mætti á fundinn og kynnti Matsferil, sem er safn matstækja sem gefur heildstæða mynd af námslegri stöðu og framförum nemenda reglulega yfir skólagönguna.

Menntaráð fagnar innleiðingu Matsferils. Með þessari nálgun er lögð áhersla á snemmtækan stuðning og markvissa greiningu, sem stuðlar að farsæld barna og tryggir að þau fái þjónustu sem þau þarfnast.

6. Starfsáætlanir leikskóla 2024-2025 (2024120126)

Málinu er frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:42.